

3

2. jan.

AUGLÝSING

um notkun heimildar laga til að innheimta með álagi gjald af innlendum tollvörum.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota heimild laga frá 30. des. 1949, um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, og innheimta á árinu 1950:

1. Með 600% álagi gjald af öli samkvæmt 3. tölulið 4. kafla 2. gr. laga nr. 60 1939.
2. Með 550% álagi gjald af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið sömu greinar.
3. Með 450% álagi gjald af öðrum tollvörum samkvæmt lögnum.

Undanþegið hækkun þessari er gjald af kaffibæti samkvæmt 1. tölulið 3. kafla laganna.

Fjármálaráðuneytið, 2. janúar 1950.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Kristján Thorlacius.

4

4. jan.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Harðar Þorbergssonar frá Þingeyri“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 4. janúar 1950.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Harðar Þorbergssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Harðar Þorbergssonar, sem fæddist á Þingeyri 4. maí 1920 og andaðist á Vífilsstöðum 4. júlí 1946.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af föður hans, Þorbergi Steinssyni, Þingeyri, börnum hans og fósturbarni, þeim Fanney S. Þorbergsdóttur, Helgu Þorbergsdóttur, Hrafnhildi Þorbergsdóttur, Jóhönnu Þorbergsdóttur, Helgu Kristjánsdóttur og Leifi Þorbergssyni í tilefni þess, að Hörður var einn af stofnendum skátafélagsins Útherjar á Þingeyri, er stofnað var 14. febr. 1936, og lét sig ávallt miklu skipta viðgang þess og eflingu, þrátt fyrir margra ára sjúkdóm og fjarveru.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 5000 — fimm þúsund — krónur, sem ávaxta skal í Sparisjóði Þingeyrarhrepps eða annarri tryggri stofnun, og má árlega verja $\frac{2}{3}$ vaxta hans til eflingar skátafélagsskapnum á Þingeyri, svo sem með fyrirlestrahaldi, með því að styrkja einn eða fleiri áhugasama skáta, karl eða konu, til að sækja skátamót bæði hérlendis og erlendis, sem líklegir væru til að veita nýjum straumi inn, félaginu til eflingar. $\frac{1}{3}$ vaxta skal leggja við höfuðstól, þar til sjóðurinn er orðinn 50 þúsund, en þá má verja $\frac{1}{10}$ hlutum vaxtanna í sama skyni og að ofan greinir.